

6. fundur æskulýðsnefndar

Sunnudaginn 27. nóvember kl. 18.

Mætt voru: Sigurjón Pétur Guðmundsson, Lára Hreinsdóttir og Borghildur Guðmundsdóttir sem kom inn sem varamaður fyrir Smára Þorsteinsson og ritaði hún fundargerð.

1. Forvarnarstefnan var send til sveitarstjórnar í upphafi árs en það á eftir að fara yfir lista yfir þá aðila sem standa að starfi með ungu fólki í Bláskógabyggð. Formaður æskulýðsnefndar mun fara í það verk í upphafi nýs árs og að því búnu verður Forvarnarstefnan send á viðkomandi aðila þegar sveitarfélagið hefur yfirfarið og staðfest hana.
2. Nefnin vill kanna hvort hægt sé að setja sér flipa fyrir æskulýðsnefnd inn á heimasíðuna þar sem samþykkt fyrir ungmennaráð, forvarnarstefnan og fleira á heima.
3. Rætt um framkvæmd á hófi fyrir íþróttamenn, hvort hægt sé að framkvæma það á annan hátt til að fleiri mæti. Engin niðurstaða. Rætt var um að breytta reglugerð um íþróttamann Bláskógabyggðar á næsta fundi sem haldinn verður 4. janúar 2017 kl. 20.

Ætlunin er að hafa hóf fyrir íþróttamenn Bláskógabyggðar þann 14. janúar 2017 kl.

14. Óskar nefndin eftir því að sveitarsjóður leggi til aðstöðu í Aratungi og greiði fyrir verðlaunagripi, kaffiveitingar og blómvendi, en reikna má með að kostnaður verði um 100.000 krónur.

Verkum var skipt milli nefndarmanna og ætlar Pétur að athuga með að fá Aratungu og sjá um auglýsingu. Lára sendir póst um tilnefningar til íþróttafélaganna og pantar verðlaunagripi og blóm. Bogga talar við Sindra bakara. Athuga með að setja inn auglýsingu á heimasíðu Bláskógabyggðar um hófið.

4. Æskulýðsnefnd gleðst yfir því að ungmennaráðið sé tekið til starfa og Ragnheiður Hilmarsdóttir hafi verið ráðin sem starfsmaður ráðsins.
5. Fundi slitið 19.05.

